

**Ed.**

### **105. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta allitarlega, ásamt athugasemdum, er því fylgja. Dylst nefndinni það eigi, að hjer er um stórt mál að fjalla og sem um leið markar nýja stefnu í löggjöf vorri, einkanlega með tilliti til þess, að ríkisstjórnin hafi með höndum einkasölu til frambúðar á þeim útlendum vörum, sem þjóðin má ómögulega án vera. Tilgangurinn er sá, meðal annars, að vernda fólk og fjenað gegn þeirri hættu, sem annars vofir yfir, þegar hallæri ber að höndum.

Pennan tilgang ber vel að virða og má vera, að hann náist, að meira eða minna leyti, verði heimildarlög í þessu efni notuð á hentugum tíma, og þá fyllilega vel á öllu haldið með undirbúning og framkvæmdir í smáu og stóru.

Hins vegar er það skoðun nefndarinnar, að nú sje ekki hentugur tími til þess, að Alþingi samþykki lög í þessu skyni — ekki einu sinni heimildarlög.

Er þar þá ofarlega á baugi sú ástæðan, að þjóðin hefir ekki átt kost á að kynna sjer þetta stórmál, en slíkt telur nefndin að þurfi að vera um þetta mál og önnur slík, sem snerta svo mjög hvert einasta heimili á landinu. Er þessa ekki síst þörf, þegar um nýjar stefnur er að ræða í löggjöfnni, eins og hjer á sjer stað.

Samkvæmt framansögðu telur nefndin rjett að halda máli þessu vakandi, og ræður því þessari háttvirtu deild til þess að samþykkja svo felda

### **RÖKSTUDDA DAGSKRÁ.**

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi mál þetta fyrir allar sýslunefndir landsins, bæjarstjórnir og samvinnufelög til álita og umsagnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. mars 1921.

Hjörtur Snorrason,  
formaður.

Sigurður Jónsson,  
framsögumaður.

Guðm. Ólafsson,  
fundaskrifari.